



Ath. að þetta eru einungis nokkur atriði, samantekin af NKG, til að hjálpa til við hugmyndavinnu nemenda. Endilega reynið að koma fram sjálf með „vandamál“ sem þið viljið reyna að leysa. Þetta efni er allt í þróun, svo allar ábendingar/tillögur eru vel þegnar: nkg@nkg.is

1 ENGIN
FÁTÆKT

Áherslur: Styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, með sérstakri áherslu á börn

Margir hafa ekki efni á að taka þátt í tómskundastarfi, íþróttum eða gera eitthvað skemmtilegt (eins og að fara í bíó), eiga ekki mikið af fötum og leikföngum, geta ekki alltaf gefið afmælisgjafir eða farið í skólaferðir sem kosta peninga.

Annað?: _____

2 EKKERT
HUNGUR

Áherslur: Sjálfbær þróun í fiskveiðum og landbúnaði. Lífræn og heilnæm framleiðsla. Tryggja framfærslu allra landsmanna

Margir hafa ekki efni á að kaupa skólamat, ávexti og grænmeti eða annan hollan mat, geta ekki alltaf komið með nesti í skólann eða keypt t.d. flottan, góðan jólamat.

Annað?: _____

3 HEILSA OG
VELLIDAN

Áherslur: Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar. Langvinnir sjúkdómar sem tengja má við lífsstíl. Framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landssvæðum

Margir hreyfa sig allt of lítið, borða ekki hollan mat, hanga of mikið inni eða hafa ekki efni á að fara til læknis eða tannlæknis. Allt of margir unglingar eru byrjaðir að veipa og drekka af mikið af orkudrykkjum. Einelti er enn stórt vandamál og margir eru einmanna.

Annað?: _____

4 MENNTUN
FYRIR ALLA

Áherslur: Efla læsi og tryggja framtíð íslenskar tungu. Vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum. Fjölga nemendum í verk- og tækninámi

Mörgum gengur illa að læra, aðrir geta ekki fengið aðstoð við heimalærdóminn eða geta ekki lært það sem þau hafa mestan áhuga á eða eru best í. Sumum líður ekki vel í skólanum, t.d. vegna eineltis eða hafa engan til að leika við í skólanum.

Annað?: _____



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA

Áherslur: *Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflð. Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar*

Ekki nærri allir að átta sig á að það skiptir alls engu máli, hvort þú sért stelpa, strákur eða annað kyn, hvað þú æfir, gerir, lærir eða vinnur við. Við erum öll jöfn og eigum sama rétt til alls.

Annað?: _____

7 SJÁLFBÆR
ORKA

Áherslur: *Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi*

Er ekki hægt að nýta vind- og sólarorku í miklu meira mæli, - líka fyrir smærri hluti? Getum við nýtt heita vatnið betur og er hægt að virkja minni ár og læki, til einkanota? Getum við minnkað notkun á bensíni og olíu?

Annað?: _____

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR
OG SAMFÉLÖG

Áherslur: *Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg og sjálfbær. Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningsamgöngur*

Mjög margir eru einir í bílunum sínum og því eru allt of margir bílar á götunum. Margir keyra of hratt eða yfir á rauðu ljósi og því getur verið mjög hættulegt að labba yfir götur eða hjóla. Geta fleiri ræktað grænmetið sitt einhverstaðar nálægt heimilinu?

Annað?: _____

12 ÁBYRG NEYSLA
OG FRAMLEIÐSLA

Áherslur: *Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga. Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu*

Matarsóun er stórt vandamál og oft er mikið rusl á götunum og úti í náttúrunni. Við kaupum mjög mikið af fötum og allskonar hlutum sem við þurfum kannski ekki og hendum svo miklu í ruslið. Við notum líka of mikið af einnota hlutum. Er hægt að auðvelda fólki að flokka rusl?

Annað?: _____

